

2007 nr. 71 28. mars**Lög um námsgögn**

Tóku gildi 5. apríl 2007. *Breytt með* 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), 1. 180/2011 (tóku gildi 30. des. 2011), 1. 56/2014 (tóku gildi 4. júní 2014), 1. 72/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015), 1. 91/2015 (tóku gildi 5. ágúst 2015 nema 1. og 4.–7. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2015) og 1. 78/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið og skipulag.

■ **1. gr.** Markmið laga þessara er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

□ Í lögum þessum er kveðið á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla.

■ **2. gr.** Ábyrgð og stuðningur ríkisins skv. 1. gr. felur í sér eftirfarandi:

a. . . . ,¹⁾

b. fjárframlög til námsgagnasjóðs, sem úthlutar fé til grunnskóla til kaupa á námsgögnum, sbr. III. kafla laga þessara,

c. fjárframlög til þróunarsjóðs námsgagna, sem styrkir nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, sbr. IV. kafla laga þessara.

¹⁾ L. 91/2015, 9. gr.

II. kafli. . . .¹⁾

¹⁾ L. 91/2015, 9. gr. Þar er ekki kveðið á um að fyrirsögn kaflans „Námsgagna-stofnun“ falli brott en brottfall allra ákvæða kaflans felur það í sér að hún á ekki lengur við.

■ 3.–5. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 91/2015, 9. gr.

III. kafli. Námsgagnasjóður.

■ **6. gr.** Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. [Ráðherra]¹⁾ skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Stjórn námsgagnasjóðs ákveður skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers skóla ræðst af nemendafjölda en heimilt er að ívilna fámennum skólum. [Ráðherra]¹⁾ setur sjóðnum úthlutunarreglur²⁾ þar sem m.a. er kveðið á um skilyrði fyrir úthlutun. Sjóðstjórn hefur eftirlit með að farið sé að úthlutunarreglum.

□ Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ annast umsýslu sjóðsins og ber ábyrgð á henni. Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

¹⁾ L. 126/2011, 460. gr. ²⁾ Rgl. 899/2016.

IV. kafli. Þróunarsjóður námsgagna.

■ **7. gr.** Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í samræmi við markmið 1. gr. Framlag til þróunarsjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar þróunarsjóði námsgagna fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Félagi íslenskra framhaldsskóla. [Ráðherra]¹⁾ skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Stjórn þróunarsjóðs námsgagna ákveður skiptingu á fjárveitingu sjóðsins og ber ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðnum er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur þróunarsjóði námsgagna reglugerð²⁾ þar sem m.a. er kveðið á um skipulag sjóðsins og reglur um úthlutun. Þeir sem fá fé úr þróunarsjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari fyrir- mælum í úthlutunarreglum. Verði misbrestur á, eða séu önnur skilyrði fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt, er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins.

□ Stjórn þróunarsjóðs námsgagna skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

□ Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

¹⁾ L. 126/2011, 460. gr. ²⁾ Rgl. 1268/2007.

V. kafli. Gæðamat, gildistaka o.fl.**■ 8. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 91/2015, 9. gr.

■ **9. gr.** Heimilt er [ráðherra]¹⁾ að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 460. gr.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Lög þessi fela ekki í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Námsgagnastofnunar.

■ **II.** [Á fjárlagaárunum 2016, 2017 og 2018 greiðist framlag skv. 1. mgr. 6. gr. af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga. Í samræmi við samkomulag frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms verður framlagið innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar ár hvert.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 78/2016, 2. gr. ²⁾ L. 180/2011, 2. gr.